



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið, Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2012

Efni: Umsögn stjórnar RSÍ um frumvarp til laga um bókmenntasjóð o.fl. mál 110.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands lýsir yfir ánægju sinni með framkomið frumvarp. Löngu er orðið tímabært að koma á stofn Miðstöð Íslenskra bókmennta eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þar með verði tryggt að íslenskir höfundar geti áfram verið þátttakendur/leikendur á því stóra sviði sem Heimsbókmenntir eru. Að lokinni Bókamessunni í Frankfurt 2011 þar sem íslenskar bókmenntir skipuðu heiðurssæti er slík stofnun beinlínis bráðnauðsynleg.

Stjórn RSÍ vill því hnykkja sérstaklega á a. (2.gr) b-lið þar sem kveðið er á um að viðfangsefni Miðstöðvarinna verði: Að “kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að útbreiðslu þeirra.” Stjórn sambandsins fagnar áherslunni á kynningu erlendis en leggur jafnframt áherslu á að tryggt verði að framlög til þýðinga erlendra öndvegisverka á íslensku og frumútgáfur kostnaðarsamra íslenskra verka sem hafa ótvírætt menningarlegt gildi, skerðist ekki enda hafi niðurskurður á því sviði þegar komið sér illa. Að því leyti geldur stjórnin varhug við því hversu litlu hærrí opinber framlög til Miðstöðvarinnar eiga að vera í hlutfalli við fyrri framlög til Bókmenntasjóðs og aukið og víðtækara starfssvið hinnar nýju stofnunar.

Brýnt er að tryggja meira fjármagn til verkefna Miðstöðvarinnar í framtíðinni og mætti frumvarpið að því leyti skilgreina ítarlegar hlutverk hinnar nýju stofnunar og skiptingu fjárlins til ólíkra starfssviða hennar. Ljóst er að verðgildi styrkja til útgáfu innanlands hefur rýrnað stórlega á undanförunum árum. Til að halda úti fjölbreyttri útgáfu á litlu málsvæði þarf öflugur stuðningur stjórnvalda að koma til.

Hlutverk Miðstöðvarinnar er margþætt og skipta allir þættir gríðarlega miklu máli. Þýðingar öndvegisrita á íslenska tungu, útgáfa stórvirkja sem fjárhagslega hafa ekki burði til að standa undir sér en eru ómetanleg. Þýðingar úr íslensku ásamt metnaðarfullu kynningarstarfi og stuðningi við þýðendur. Allt verður þetta að haldast í hendur. Eitt má ekki verða á kostnað annars.

Með vísan í b. (3.gr) um skipan stjórnar vill Rithöfundasambandið taka fram að rökstuðningur fyrir tveimur fulltrúum þess kom fram í athugasemdum við lagafrumvarp um bókmenntasjóð o.fl. frá 2007 en þar segir: “Þar sem hagsmunir rithöfunda og þýðenda vega þungt er talið eðlilegt að Rithöfundasamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í stjórnina”. Undirstrika ber nauðsyn þess að bókmenntaþýðendur eigi fulltrúa í stjórn Miðstöðvarinnar enda eiga þeir ótvíræðra hagsmuna að gæta.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar RSÍ – Rithöfundasambands Íslands,

Kristín Steinsdóttir formaður